

DEILD LEIÐSÖGUFÓLKS Í VR

Siðareglur leiðsögufólks

Starf leiðsögufólks á Íslandi byggist á fagmennsku, öryggi og virðingu fyrir náttúru, sögu og menningu landsins. Leiðsögufólk ber virðingu fyrir starfsheiti sínu, gætir orðspors og hagsmuna stéttar sinnar og fylgir siðareglum deildar leiðsögufólks í VR.

Markmið reglnanna er að tryggja að framkoma og starfshættir leiðsögufólks endurspegli hámarksfagmennsku og siðferðileg viðmið samtímans. Þær eru leiðbeinandi um samband og samvinnu ferðafólks og leiðsögufólks og ætlaðar til að vernda orðspor, ímynd og trúverðugleika starfsgreinarinnar.

1. Leiðsögufólk gætir öryggis og velferðar ferðafólks og veitir ávallt faglega og ábyrga þjónustu í störfum sínum.
2. Leiðsögufólk miðlar fróðleik um land og þjóð á grundvelli staðreynda og faglegrar þekkingar. Það viðheldur þekkingu sinni og færni og tekur ekki að sér verkefni sem það hefur hvorki næga þekkingu né þjálfun til að sinna.
3. Leiðsögufólk hefur náttúruvernd og sjálfbærni að leiðarljósi í störfum sínum og vekur athygli ferðafólks á gildandi reglum um vernd náttúru Íslands.
4. Leiðsögufólk þekkir faglega ábyrgð sína sbr. starfslýsingu leiðsögumanna í kjarasamningi. Það forðast orð og athafnir er kunna að kasta rýrð á landið, þjóðina og lífsvenjur hennar. Sama gildir um umfjöllun um aðrar þjóðir.
5. Leiðsögufólk beitir sér fyrir að ekki sé farið í ferðir þegar veðurviðvaranir, aðstæður eða annað ástand gerir það ótryggt eða óábyrgt, né heldur þegar augljóst er að ekki sé mögulegt að uppfylla tilgang ferðar.
6. Leiðsögufólk gætir hagsmuna atvinnurekanda síns jafnt og viðskiptavina. Það sýnir lipurð og tillitssemi í samskiptum við farþega og virðir ábyrgðarsvið og vinnuframlag annarra.
7. Leiðsögufólk lætur ekki hagsmunatengsl hafa áhrif á störf sín og stundar hvorki sölumennsku né áskilur sér rétt til að þiggja ókeypis veitingar, umboðspóknarir eða önnur fríðindi í eigin þágu.
8. Leiðsögufólk tekur ekki þátt í áreitni, einelti eða ofbeldi af neinu tagi, hvorki í orðum né gjörðum, og er ávallt á varðbergi gagnvart slíkri háttsemi annarra.
9. Hver sá sem telur að leiðsögumaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta getur vísað málinu til siðanefndar VR samkvæmt gildandi málsmeðferðareglum.

Siðareglur þessar verða lagðar til samþykkis á aðalfundi deildar leiðsögufólks í VR þann 28. október 2025.